

# ÁRSSKÝRSLA SSF 2019



SAMTÖK  
STARFSMANNA  
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA



## Efnisyfirlit

Nokkur atriði um starfsemi SSF .....	3
Fjöldi félaga í SSF.....	3
Helstu tölur úr rekstri.....	5
Laun og launatengd gjöld .....	5
Tölvukerfi SSF.....	6
Þing SSF .....	6
Erlent samstarf .....	6
80 ára afmæli.....	7
Fræðslu-, kynningar- og útgáfustarfsemi .....	7
Styrktarsjóður SSF.....	8
Styrktarsjóður .....	9
Skipting styrkja árið 2019.....	9
Menntunarsjóður SSF.....	10
Menntunarsjóður .....	11
Skipting styrkja árið 2019.....	11
Vinnudeilusjóður.....	12
Grunnsjóður SSF.....	12
Ferli við samþykkt reikninga/ársreiknings.....	13


## Nokkur atriði um starfsemi SSF

SSF er leiðandi stéttarfélag fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja og tengdra fyrirtækja.

SSF er í forystu við gerð kjarasamninga sem tryggja góð réttindi og kjör félagsmanna. Stéttarfélag sem tryggir gott samstarf við atvinnurekendur, aðildarfélög og trúnaðarmenn með hag félagsmanna að leiðarljósi.

**Skrifstofa SSF er í Nethyl 2E en húsnæðið er í eigu félagsins.  
Á skrifstofu SSF starfa þrír starfsmenn í fullu starfi.**

## Fjöldi félaga í SSF



Stjórn SSF skipa 9 félagsmenn sem kjörnir eru til þriggja ára í senn á þingi SSF. Stjórnarseta er launuð og eru laun stjórnarmanna ákveðin á þingi SSF.

Árið 2019 voru aðildarfélög að SSF tólf talsins. Forsvarsmenn aðildarfélaga hafa beina aðkomu að starfi og stefnumótun SSF, auk þess sem þeir tilnefna þingfulltrúa á þing SSF. Um 95% félagsmanna SSF standa að baki þessum 12 aðildarfélögum.

Formannafundir SSF eru haldnir einu sinni á ári, og oftast ef þörf er á. Fundina sitja stjórn SSF og formenn og stjórnarmenn aðildarfélaga. Formannafundir hafa það hlutverk að fylgjast með störfum stjórnar SSF, vera henni til ráðuneytis og styrkja tengslin milli aðildarfélaganna og stjórnar SSF.

Á annað hundrað trúnaðarmenn eru fulltrúar SSF á vinnustöðum. Trúnaðarmenn eru mikilvægur hlekkur í rekstri stéttarfélagins og leggur SSF mikla áherslu á traust samband milli trúnaðarmanna og skrifstofu SSF, til dæmis með öflugum fræðslustarfi á sérstökum námskeiðum fyrir trúnaðarmenn.

SSF hefur umsjón með sjóðum SSF, það er Styrktarsjóði og Menntunarsjóði, og hefur með höndum allan daglegan rekstur sjóðanna í samræmi við úthlutunarreglur og í samráði við stjórnir sjóðanna.

# Helstu tölur úr rekstri

## Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF)

<b>Rekstrartekjur SSF</b>	<b>156.501*</b>
<b>Rekstrargjöld SSF</b>	<b>167.986</b>
Par af:	
Laun og launatengd gjöld	65.297
Tölvukerfi SSF	8.555
Aðkeypt ráðgjafabjónusta	9.500
Erlent samstarf	10.200
Kostnaður v/fræðslu-, kynningar- og útgáfustarfsemi	26.881
Þing SSF	13.189
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	<b>17.166</b>
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>5.681</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>555.811</b>

*Fjárhæðir í þús. króna*

## Laun og launatengd gjöld

Árið 2019 voru fjögur ársstörf á skrifstofu SSF auk þess sem níu manna stjórn SSF fær greidd laun samkvæmt ákvörðun þings SSF hverju sinni. Allri daglegri starfsemi er sinnt á skrifstofu SSF en sérhæfðum málum, svo sem lögmanns- og tölvuþjónustu og hluta af útgáfu- og kynningarstarfi er sinnt af verktökum.

## Tölvukerfi SSF

SSF rekur eigið tölvukerfi sem er þjónustað af DK ehf. SSF og DK hafa um árabil átt farsælt samstarf. Fyrirtækið Kaktus ehf sér um „Mínar síður“, en kerfið hefur bætt verulega þjónustu við félagsmenn þar sem næstum allt umsóknarferli í sjóði SSF er nú rafrænt. Rekstur SSF er þess eðlis að tölvukerfi félagsins geymir mikið magn persónuupplýsinga og leggur félagið því mikla áhersla á öryggismál.

## Þing SSF

Þing SSF fer með æðsta vald í öllum málefnum SSF. Þingið er haldið á þriggja ára fresti og var síðasta þing haldið í mars 2019. Á þingi SSF er stefna og áherslur í starfi félagsins ákveðnar til þriggja ára í senn, ný stjórn SSF er kosin auk þess sem fjárhagsáætlun er gerð fyrir rekstur SSF til næstu þriggja ára. Á milli þinga er rekstur SSF í höndum stjórnar SSF og formannafunda. Þing SSF er skipað fulltrúum allra aðildarfélaga SSF. Þingið sækja um 100 manns og er þingið skipulagt með þéttri dagskrá í tvo heila daga. Þingfulltrúar fá ekki greitt fyrir þingsetu en SSF greiðir ferðakostnað, gistingu og uppihald.

## Erlent samstarf

SSF er aðili að tveimur erlendum regnhlífasamtökum, það eru norrænu samtökin NFU og alheimssamtökin UNI. SSF tekur virkan þátt í starfi þessara samtaka og má geta þess að SSF skipar einn aðila í stjórn NFU og tvo í miðstjórn NFU, auk þess sem aðild að samtökunum tryggir aðgang að sameiginlegum norrænum vinnudeilusjóði. Þá hefur SSF einnig átt fulltrúa í ungliðasamtökum verkafélaga UNI-Youth. Stærstur hluti kostnaðar vegna erlends samstarf er félagsgjöld til þessara tveggja samtaka.

## 80 ára afmæli

Í tilefni af 80 ára afmæli Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja árið 2015 ákvað stjórn samtakanna að styrkja starfsemi Ljóssins með gjöf til tækjakaupa í endurhæfingar- og sjúkrapjálfunarsal Ljóssins. Jafnframt var gerður samningur milli samtakanna og Ljóssins um viðhald og endurnýjun tækja til ársins 2020. Formleg afhending tækjanna var þann 1. júní 2016 í nýjum líkamsræktar- og endurhæfingarsal Ljóssins.

## Fræðslu-, kynningar- og útgáfustarfsemi

Öflug fræðslu-, útgáfu- og kynningarstarfsemi er mikilvægur þáttur í rekstri stéttarfélags. Tvö tölublöð af SSF blaðinu voru gefin út á árinu 2019. Félagið nýtir sér jafnframt vef- og samskiptamiðla til að miðla upplýsingum til félagsmanna en samtökin eru með yfir 2.700 fylgjendur á Facebook og Instagram, en langstærstur hluti þeirra eru félagsmenn SSF. Tvö trúnaðarmannanámskeið voru haldin á árinu 2019 sem um 100 trúnaðarmenn sóttu. Annað námskeiðið var sameinað formannafundi haustið 2019. Trúnaðarmannahandbók SSF var uppfærð og endurútgefin á árinu.

## Styrktarsjóður SSF

Helsta verkefni Styrktarsjóðs SSF er að greiða sjúkradagpeninga til félagsmanna sem verða óvinnufærir vegna veikinda eða slysa og hafa nýtt veikindarétt sinn samkvæmt kjarasamningi SSF að fullu.

Sjóðurinn endurgreiðir jafnframt hluta kostnaðar vegna ýmissa fyrirbyggjandi meðferða og skoðana samkvæmt úthlutunarreglum hverju sinni.

Styrktarsjóður SSF hefur úthlutað styrkjum til félagsmanna frá árinu 1999.

Sjóðurinn er fjármagnaður með framlagi atvinnurekenda sem greiða upphæð sem nemur 0,7% af mánaðarlaunum starfsmanna til sjóðsins.

<b>Rekstrartekjur</b>	<b>270.771*</b>
Þar af:	
Árgjöld	235.470
Framlag úr Grunnsjóði	35.000
<b>Rekstrargjöld</b>	<b>218.472</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	<b>754</b>
<b>Hagnaður</b>	<b>53.054</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>75.718</b>


*Fjárhæðir í þús. króna*



# Styrktarsjóður

## Skipting styrkja árið 2019

Fjárhæðir í þús. króna



## Menntunarsjóður SSF

Markmið Menntunarsjóðs SSF er að efla félagsmenn í starfi og gera þá að verðmætari starfsmönnum. Sjóðnum er ætlað að veita styrki vegna kostnaðar við menntun, símenntun og endurmenntun. Einnig við námskeið í námstækni, og námskeið sem nýtist til félagsstarfa að mati stjórnar.

Hámarksstyrkur á misseri er 80% af námskeiðsgjöldum, aldrei hærra en kr. 175.000. Félagsmaður getur fengið allt að kr. 525.000 samtals á ári í styrk m.v. þrjú misseri.

Menntunarsjóður SSF hefur úthlutað styrkjum til félagsmanna frá árinu 2001.

Sjóðurinn er fjármagnaður með framlagi atvinnurekenda sem greiða upphæð sem nemur 0,21% af mánaðarlaunum starfsmanna til sjóðsins.


<b>Rekstrartekjur (Árgjöld)</b>	<b>83.591*</b>
<b>Rekstrargjöld</b>	<b>90.324</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	<b>922</b>
<b>Hagnaður</b>	<b>(5.811)</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>59.583</b>

*Fjárhæðir í þús. króna*

# Menntunarsjóður

## Skipting styrkja árið 2019

Fjárhæðir í þús. króna



## Vinnudeilusjóður

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn SSF ef til vinnudeilna kemur.

Árið 2013 var hætt að greiða inn í Vinnudeilusjóð en frá þeim tíma eru einu tekjur sjóðsins vaxtatekjur.

Vinnudeilusjóður hagnaðist um rúmar 35 milljónir árið 2019 sem skýrist af vaxtatekjum.

Í lok árs 2019 voru eignir Vinnudeilusjóðs rúmar 996.954 milljónir.

## Grunnsjóður SSF

Tilgangur sjóðsins er að vera varasjóður fyrir starfsemi SSF og sjóði SSF.

Sjóðurinn var stofnaður árið 2013 og rennur 0,15% af 0,70% félagsgjaldi til sjóðsins.


Árið 2019 úthlutaði sjóðurinn 35 milljónum til Styrktarsjóðs SSF.

Í ljósi þess að framlag til Styrktarsjóðs hækkaði úr 0,70% af grunnlaunum í 0,70% af heildarlaunum með kjarasamningum í maí 2019 má búast við því að hlutverk Grunnsjóðs verði endurskoðað á næsta þingi SSF árið 2022.

<b>Rekstrartekjur</b>	<b>42.401</b>
<b>Rekstrargjöld</b>	<b>35.136</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samals</b>	<b>1.271</b>
<b>Hagnaður</b>	<b>8.536</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>84.172</b>

*Fjárhæðir í þús. króna*

## Ferli við samþykkt reikninga/ársreiknings



TRAUST ÞEKKING METNAÐUR

